



Alþingi
Erindi nr. P 130/171
komudagur 19.11.2003

Hafnarfirði, 18. nóvember 2003.

Nefndasvið Alþingis
 Félagsmálanefnd Alþingis, 15. mál.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna.

Lýðræðis- og jafnréttisfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar hefur borist bréf frá félagsmálanefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, 15. mál. Þingsályktunartillagan var kynnt á fundi lýðræðis- og jafnréttisnefndar Hafnarfjarðarbæjar þann 13. nóvember sl. og var lýðræðis- og jafnréttisfulltrúa falið að semja umsögn um málið.

Rannsóknir og kannanir sem gerðar hafa verið á liðnum árum sýna allar að enn er töluverður launamunur milli karla og kvenna sem einvörðungu skýrist á grundvelli kyns. Einnig er ljóst að konur eiga erfitt uppdráttar þegar kemur að stjórnendastörfum hvort sem er hjá fyrirtækjum eða hinu opinbera. Ný skýrsla Bryndísar Ísold Hlöðversdóttur sýnir t.d. að stjórnir fyrirtækja landsins eru að mestu skipaðar körlum. Ljóst er að vinna þarf að því hörðum höndum að uppræta launamun kynjanna og stuðla að aukinni þátttöku kvenna á öllum sviðum atvinnulífsins og því er þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna af hinu góða. Samkvæmt lýsingu í greinargerð með þingsályktunartillögunni þá skortir enn nokkuð á að samræmi og eftirfylgni sé við framkvæmd jafnréttisáætlana á vegum ráðuneyta og stofnana ríkisins. Er það mat undirritaðrar að markvissar, samræmdar framkvæmdaáætlanir þar sem skýrt yrði kveðið á um markmið og aðgerðir til að uppræta launamun kynjanna séu af hinu góða. Einnig er mikilvægt að einhvers konar eftirlitsaðili sjái til þess að framkvæmdaáætlunum sé í raun fylgt eftir.

Í þingsályktunartillögunni er nefnt að framkvæmdaáætlanirnar skulu eftir fönngum unnar í samráði við aðila vinnumarkaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samvinna milli þessara aðila er mikilvæg enda hafa t.d. stærstu sveitarfélög landsins unnið ötullega að jafnréttismálum og mörg hver eru með jafnréttisráðgjafa og –fulltrúa í heilum stöðum. Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi hvað varðar þennan málaflokk og ljóst að töluverður árangur hefur náðst hjá borginni með markvissri aðgerðaáætlun.



Hjá Hafnarfjarðarbæ hefur jafnréttisráðgjafi verið starfandi frá árinu 1999. Um mitt ár 2003 var staða jafnréttisráðgjafa lögð niður og ný staða lýðræðis- og jafnréttisfulltrúa stofnuð. Lýðræðis- og jafnréttisfulltrúi starfar með lýðræðis- og jafnréttisnefnd og framundan hjá nefndinni er að semja lýðræðis- og jafnréttisáætlun Hafnarfjarðarbæjar og hefja vinnu með stjórnendum stofnana bæjarins í gerð jafnréttisáætlana. Áhersla verður lögð á að vinna gegn hinum kynbundna launamun og í þeim efnum eru vonir bundnar við hið nýja starfsmatskerfi fyrir Launanefnd sveitarfélaga og viðsemjendur hennar.

Með hliðsjón af framansögðu styður undirrituð þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna.

Anna Jörgensdóttir
Lýðræðis- og jafnréttisfulltrúi